

- e) skal vera aðgangur að heitu og köldu vatni;
- f) skal vera viðunandi aðstaða til geymslu og förgunar á matarleifum og öðrum úrgangi;
- g) skal vera aðstaða til að halda matvælum við viðeigandi hitastig;
- h) skal matvælum þannig fyrir komið að ekki sé hætt á að þau óhreinkist eða spillist.

Viðauki 9.

Flutningar.

1. Flutningsbúnaður skal vera í góðu lagi, hreinn og vel við haldið og þannig úr garði gerður að ekki sé hætt á að matvælin óhreinkist eða spillist og að unnt sé að þrifa og/eða gerileyða hann á fullnægjandi hátt. Flutningsrými fyrir flutning viðkvæmra matvæla skal vera lokað, gluggalaust og aðskilið frá rými bifreiðastjóra.
2. Ekki má flytja annan varning í flutningsbúnaði matvæla ef hætt er á að matvælin óhreinkist eða spillist á einhvern hátt. Ósekkjuð eða óþökkuð vara, í fljótandi eða föstu formi (þ.m.t. kynni og duft), skal flutt í lokuðum gámum, tönkum eða ílátum, sem eingöngu eru ætluð til matvælaflutninga. Slíkir gámar/tankar/ílát skulu greinilega merktir, með einu eða fleiri tungumálum EES-ríkja, að um flutninga matvæla sé að ræða eða með setningunni „aðeins til flutninga á matvælum“.
3. Þegar meira en ein tegund matvæla er flutt í sama flutningsbúnaði, eða aðrar vörur eru fluttar samtímis matvælum í sama flutningsbúnaði, skal vera fullnægjandi aðskilnaður milli varanna þannig að ekki sé hætt á að matvælin óhreinkist eða spillist.
4. Þegar meira en ein tegund matvæla eða aðrar vörur hafa verið fluttar í flutningsbúnaði, skulu fara fram gagngerð þrif og gerileyðing (ef við á) á búnaðinum eftir losun til að fyrirbyggja að matvæli óhreinkist eða spillist.
5. Matvælum sem flutt eru í flutningsbúnaði skal þannig komið fyrir og frá þeim gengið að lágmarkshætta verði á að matvælin óhreinkist eða spillist.
6. Þar sem þess er krafist skal flutningsbúnaður vera þannig gerður að viðeigandi hitastig matvæla haldist og þannig frá gengið að hægt sé að hafa eftirlit með og/eða skrá hitastigið. Hitastig skal vera í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar. Við flutning hraðfrystra matvæla, sem eru markaðsett sem slík, skal jafnframt farið að ákvæðum reglugerðar nr. 557/1993 um hraðfryst matvæli.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Egilsstaðabæ.

1. KAFLI

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Egilsstaðabæ.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum 16 ára og eldri, sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang sjálfráða einstaklings og er óheimilt að framselja það. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrir mælum samþykktar þessarar.
- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús

skal fylgja umsókn samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sér-inngangi fyrir hverja íbúð skal liggja fyrir samþykki eigenda aðliggjandi íbúða.

- c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn ákveður og umhverfisráðherra staðfestir og birt skal í b-deild Stjórnartíðinda. Heimilt er að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda, vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða. Við ákvörðun leyfisgjalds skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- d) Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartrygðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi en einnig getur bæjarstjórn gert heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds, svo og vottorð um hreinsun hundsins.
- e) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október eða nóvember ár hvert. Um hreinsun og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957.
- f) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.
- g) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna.
- Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss nema á opnum svæðum fjarri alfaraleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem um ræðir í III. - V., VIII - XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 og hér eru upp taldir.
1. Vatnsveitur, vatnsból, verndarsvæði og brunna.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslu- eða sorpeyðingarstaði.
 4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
 5. Tjald og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
 11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 13. Almenn samgöngutæki.
- i) Ákvæði stafliðs h gildir ekki fyrir hunda, sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa né leiðsöguhunda blindra og sjónskerta.
- j) Ábúendum lögbýla, sem eru innan marka bæjarfélagsins, er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gildi sömu reglur fyrir þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.
- k) Óheimilt er að láta hund, sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda til bæjarstjórnar sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda sýslumanninum á Seyðisfirði skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merкта plötu, sbr. ákvæði f liðar 2. gr., og eintak af samþykkt um hundahald í Egilsstaðabæ.

Ekki er skylt að sækja um leyfi fyrr en hundur hefur náð 3ja mánaða aldri. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá því það var veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiri háttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn lögreglu eða heilbrigðis-eftirlitsmanni til ráðstöfunar. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit og lögreglustjóri eða aðilar á þeirra vegum annast eftirlit með hundahaldi í Egilsstaðabæ.

6. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og taka úr umferð. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur og bíta, skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er, þegar vitað er um eigenda.

2. KAFLI

Kattahald.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merкта hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka kattahald í þéttbýli, ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis. Þannig getur bæjarstjórn t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

Bæjarstjórn getur krafist þess að kattaeigendur láti hreinsa ketti sína árlega.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti a.m.k. 2 sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

3. KAFLI Þvingunarræði og gildistaka.

10. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaða og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Egilsstaðahreppi nr. 209/1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu leyti.

Umhverfissráðuneytið, 23. september 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

1. gr.

Gildissvið.

1.1 Reglugerð þessi nær til ákvæða um:

- meginreglur vegna birtingar upplýsinga um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum,
- mælingaraðferðir til að ákvarða hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum og reglur um fyrirkomulag eftirlits með hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

1.2 Reglugerð þessi gildir ekki um:

- tæki, vélar eða búnað sem eingöngu eru ætlaðar til nota í iðnaði eða í atvinnuskyni,
- tæki sem eru óaðskiljanlegur hluti húss eða búnaðar svo sem lofthreinsi-, hita- eða loft-ræstingarbúnað (að frátöldum heimilisviftum, gufugleypum og aðskildum tækjum til hitunar), olíukynditæki til miðstöðvarhitunar og dælur vegna vatnsveitna og fráveitukerfa,
- íhluti í búnað eða tæki svo sem hreyfla,
- rafhljómburðartæki.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Heimilistæki: Allar vélar, vélahlutir eða búnaður sem er einkum framleiddur til að nota í híbýlum, þar með töldum kjöllurum, bílageymslum og öðrum útihúsum, nánar tiltekið heimilistæki til viðhalds, hreingerninga, framreiðslu og geymslu matvæla, framleiðslu og dreifingar á hita eða kulda, lofthreinsunar og önnur tæki sem ekki eru notuð í atvinnuskyni.